

Sýningin HEIMILIÐ '77 hefst 26. ágúst: Sýnt flest sem við- kemur heimilishaldi

Undirbúningur fyrir 10. sýningu Kaupstefnunnar h/f er kominn vel af stað og eftir helgina munu sýnendur taka við þeim sýningarbásnum og -svæðum sem þeim hefur verið úthlutað. „Sýning Kaupstefnunnar, Heimilið '77, tekur svo að segja til alls sem til heimilisnota getur talizt og þar sýna nær 200 innlendir og erlendir aðilar framleiðslu og/eða söluvöru sína“, sagði Halldór Guðmundsson, blaðafulltrúi sýningarinnar, við Alþýðublaðið í gær. Sýningarsvæðið í ár er alls um 6.000 fermetrar, bæði úti og inni í Laugardalshöllinni. Úti verða t.d. sýndar 13 tegundir bíla, hjólhýsi og fleira. Einnig verður Landssamband hjálparveita skáta með útsvæði. Er framlag þess óbeint tengt meginefni sýningarinnar og að sögn mest ætlað til að skapa líf á svæðinu. Munu skátarnir sýna hjálpi í viðlögum, verða með björgunarsýningar o.fl.

Inni í Höllinni verða tizkusýningar tvisvar-þvisvar dag hvern, en þar verða einnig margvisleg önnur skemmtiatriði og þar verður og veitingasala. Þá gilda aðgöngumíðar gesta sem happdrættismíðar og eru vinningar sagðir afar glæsilegir, en frá þeim verður samt ekki skýrt fyrr en í næstu viku.

„Við teljum þetta kjörið tækifæri til vöru- og verðsamburðar fyrir verzlunarfólk og einstaklinga. Þarna verður t.d. kynningarverð á sumum vörutegundum og sumt verður hægt að kaupa á staðnum“, sagði Halldór Guðmundsson.

Sýningin Heimilið '77 verður opnuð kl. 15 föstudaginn 26. ágúst og er opin daglega kl.



Þóra Baldursdóttir, á teiknistofu Gísla B. Björnssonar, vinnur að gerð auglýsingaspjalds fyrir sýninguna.

15-22, en um helgar er opið frá kl. 13-22. Sýningunni lýkur sunnudaginn 11. september.

Í sýningarstjórn eru eftirtaldir: Gísl B. Björnsson, Ragnar

Kjartansson, Haukur Björnsson, og Bjarni Ólafsson, sem jafnframt er framkvæmdastjóri sýningarinnar.

— ARH

Dönsk sýning í listasafni Íslands

Laugardaginn 20. september n.k. verður opnuð sýning á verkum danska listamannsins Roberts Jacobsen í Listasafni Íslands.

A sýningunni verða 13 höggmyndir, vatnslitamyndir og grafík, eða alls 52 verk. Hér er ekki um farandsýningu að ræða,

heldur er hún sérstaklega fengin til landsins og sett upp fyrir Listasafn Íslands.

Robert Jacobsen er fæddur 4. janúar 1912. Hann hefur haldið fjöldamargar sýningar, og er nú vel þekktur, einkum fyrir höggmyndir sínar. Jacobsen verður viðstaddur opnun sýningarinnar, sem er kl. 2 n.k. laugardag. Sýningunni lýkur sunnudaginn 11. september.

— JSS

Samnorræn myndlistarsýning: „Augliti til auglitis“ að Kjarvalsstöðum — góð sýning, — eða norræn ringulreið

Dagana 10. — 25. september verður á Kjarvalsstöðum Norræna myndlistarsýningin „Augliti til auglitis“. Sýningin kemur hingað til lands á vegum Norræna myndlistarbandalagsins og Félags íslenzkra myndlistarmanna, sem er aðili að bandalaginu.

Allt frá árinu 1946 hefur Norræna myndlistarbandalagið staðið fyrir meiri háttar samsýningum myndlistarmanna frá Norðurlöndunum fimm. Fyrst í stað voru sýningar þessar haldnar á hverju ári í höfuðborgum landanna, en síðan annað hvert á til dæmis Bergen, Gautaborg og Óðinsvéum.

Síðasta stóra samsýningin var á Kjarvalsstöðum í tengslum við Listahátið 1972. Að henni lokinni var ákveðið að fresta slíku sýningarhaldi um sinn og leita nýrra leiða.

Árið 1974 var ákveðið að sett yrði saman ný norræn samsýning af nýrri gerð. Verkið var fallið Staffan Gullberg, listfræðingi í Stokkhólmi. Þessi sýning var lengi í mótun. Gullberg, sem

var algjörlega einráður um skipulagningu hennar, val verka og höfunda, ferðaðist milli landanna á árinum 1975 og 76 kynnti sér liststefnur sýningar og höfunda. Hingað til lands kom hann tvívegis í þessu skyni. Arangur starfs Gullbergs er sýningin Augliti til auglitis.

Gullberg vill með samsetningu sýningarinnar sýna áhorfandanum myndlist og formmótun í viðara samhengi en tíðkast hefur og vikur hann þá gjarnan frá hinum sérfræðilegum sjónarmiðum.

Sýning þessi hefur hlotið mjög misjafna dóma, en íslenzku þátttakendur eru yfirleitt lofðir. Líklegast hefur sýningin vakið einna mesta hringinu í Svíþjóð, en Danir eru ekki eins uppverðarir og í Politiken er sýningunni lýst sem norrænni ringulreið.

Þeir Íslendingar sem eiga verk á sýningunni eru Agúst Petersen, Hildur Hákonardóttir, Hringur Jóhannesson, Óskar Magnússon og Blómey Stefánsdóttir.

ES

Kínverskar þjóðsögur á íslenzku

Systir síðlokka heitir lítil bók, sem okkur barst í gær. Í henni eru fimm kínverskar þjóðsögur, sem Guðrún Guðjónsdóttir hefur þýtt úr ensku, en Letur gefur út.

Sögur þessar eru úr þjóðsagnasöfnunum ýmissa minnihlutahópa í Kína og fylgir örlitill bókarauki þar sem hópar þessir eru kynntir í stuttu máli.

Myndirnar við sögurnar eru eftir Chang Kuang-yu, en kápu-mynd bókarrinnar er gerð eftir ofinni mynd af stúlku með lótu-blóm.

SYSTIR SÍÐLOKKA

5 Kínverskar þjóðsögur



Bókin er í kiljubroti og fjölrituð í Letri.

Hagnýt bók fyrir Spánarfara

Bókaútgáfan Búkölla hefur nú sent frá sér aðra bókina í bókaflökki þeim um Spán og Spánverja, sem Örnólfur Arnason hefur saman sett. Bók þessi nefnist „Costa Brava — Costa Bianca — Mallorca — Ibiza. Í fyrria kom út bók í sama flokki og nefndist hún „Costa Del Sol — Andalusia“. Í haust er svo von á þriðju bókinni í þessum bókaflökki og nefnist hún Kanaríeyjar.

Höfundur bókanna, Örnólfur Arnason, hefur árum saman


dvalizt á Spánarströndum og starfað sem leiðsögumaður ferðafólks, sem þangað sækir. Hann veit því af reynslu hvaða spurningar það eru sem menn vilja helzt fá svör við. Í bókinni er fjallað um land og þjóð, stíklad á stóru í sögu Spánar og síðan eru staðhátalýsingar frá þeim stöðum sem bókinn fjallar um.

Einnig er í bókinni kaflar sem ber nafnið Hagnýt ferðafræði og er þar að finna margvislegar hagnýtar upplýsingar fyrir tilvönandi sólarlandafara.

Þá er í bókinni lítið og þægilegt orðasafn íslenzkt-spánsk og spánsk-íslenzkt.

Bókin er 148 blaðsíður að stærð og í mjög þægilegu broti. Bókin fæst í helztu bókaverzlunum í Reykjavík en einnig í út-sölustöðum sólarlandafæra.

Vetrarstarf TBR að hefjast



Haust og vetrarstarfsemi Tennis og Badmintonfélags Reykjavíkur fer nú senn að hefjast. Æfingar í húsi T.B.R. byrja 1. september, og er tímaleiga þar hafin. Þeir sem áttu fasta tíma í húsinu í fyrria, eiga forgang að sömu tímum í vetur, ef þeir greiða tímaleigu og félagsgjald fyrir 20. ágúst n.k.

Eftir þann tíma verða lausir tímar leigðir öðrum. Tekið er á móti greiðslum og pöntunum í T.B.R. — húsinu alla virka daga frá kl. 20 til kl. 22.

A undanförunum árum hafa félagsmenn oft kvartað yfir því að þurfa að greiða alla vallahleiguna í einu, enda var oft um stórar upphæðir að ræða. Nú er mönnum gefinn kostur á að greiða félagsgjaldið og helming tímaleigunnar þegar völlum er tekinn á leigu, en hinn helm-

inginn geta menn greitt með vixli, sem fellur í gjalddaga rétt eftir áramótin. Vextir verða reiknaðir 2% á mánuði.

Til að bæta nýtingu hússins verða tímar á bilinu frá kl. 13.00 til 17.10 leigðir út með 20% afslætti, en unglingar innan T.B.R. geta fengið þá með 50% afslætti.

Fyrir þá sem keppa að staðaldri fyrir T.B.R. mun félagið hafa samæfingar tvo tíma á þriðjudags- og fimmtudagskvöldum, og einnig um helgar, ef ekki eru mót. Þess er vænt að Garðar Alfnsson þjálfari keppnisfólkið í þessum tímum. Einnig er hugsanlegt, að í viðbót við þetta verði valinn ákveðinn hópur manna til frekari þjálfunar, og mun sú þjálfun þá verða á miðvikudögum, svo og um helgar, þegar ekki eru mót. Að sjálf-

sögðu er stefnt að því að hafa úthalds- og þrekæfingar með í dagskránni, en eftir er að tíma-setja þær.

Unglingastarfsemin mun einnig byrja strax í september. Samæfingatímar unglinga verða að öllum líkindum á svipudum tímum og í fyrria, en eins og að framan segir, geta þeir einnig fengið einkatíma á daginn með 50% afslætti.

Félagið mun fá nokkra tíma í Laugardalshöllinni í vetur. Þeir hefjast mun seinna en í T.B.R. — húsinu, og hefur verð á þeim tímum því ekki verið ákveðið enn.

Að lokum skal þess getið, að þeir Garðar Alfnsson og Sigfús Ægir Arnason munu verða umsjónarmenn T.B.R. — hússins í vetur.